

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar. **196** 20. nóv.

### C. Almenn ákvæði.

#### 21. gr.

##### *Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000.00 krónum — tíu þúsund krónum —, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í rikissjóð.

#### 22. gr.

##### *Málsókn.*

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

#### 23. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máil.

Með reglugerð þessari er felld úr gildi reglugerð fyrir Rafveitu Búðakauptúns, nr. 85 16. október 1929.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. nóvember 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Forv. K. Þorsteinsson.*

## AUGLÝSING

**um innflutningsbann á lifandi jurtum, grænmeti o fl. frá Evrópulöndum vegna gin- og klaufaveiki**

**197**  
21. nóv.

Vegna mikillar útbreiðslu gin- og klaufaveiki í flestum löndum Evrópu og samkvæmt heimild í 3. gr. laga nr. 11 frá 23. apríl 1928, um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins, hefur ráðuneytið ákveðið að banna fyrst um sinn, þar til annað verður tilkynnt, allan innflutning frá löndum í Evrópu á lifandi jurtum, blómlaukum, grænmeti og hvers konar garðávöxtum.

*Landbúnaðarráðuneytið, 21. nóvember 1951.*

**Hermann Jónasson.**

*Gunnl. E. Briem.*